Brunavarnir og rýmingaráætlun

Grunnskóla Grundarfjarðar

Grunnskóli Grundarfjarðar hefur gert áætlun um brunavarnir og rýmingu samkvæmt lögum um Grunnskóla. Rýmingaráætlunin auðveldar og flýtir fyrir rýmingu skólans ef upp kemur sú staða að rýma þarf skólann skyndilega af einhverjum sökum. Mikilvægt er að rýming gangi hratt og vel fyrir sig og allir séu meðvitaðir um hlutverk og ábyrgð hvers og eins starfsmanns.

Brunavarnir

Árlega skal halda brunaæfingu að hausti þar sem nýjum starfsmönnum er kennt á slökkvibúnað skólans, flóttaleiðir og það ferli sem fer í gang ef til rýmingar kæmi. Nemendur fá æfingu í að rýma skólann.
Teikningar af skólanum með merkingum um hvar slökkvitæki og slöngur eru til staðar eiga að hanga á völdum stöðum í skólanum.

Skipulag og hlutverk öryggisnefndar

Öryggisnefnd stýrir áhættumati, ábendingaskráningu og fylgir eftir úrbótaáætlunum. Fulltrúi frá Slökkviliði Grundarfjarðarbæjar ásamt öryggisnefnd skólans fer með eftirlit með brunabúnaði í skólanum og vinnur umbótaáætlun Nefndin hittist reglulega til að funda, fara yfir gátlista og fylgja eftir úrbótum. Slökkviliðið heldur örnámskeið fyrir starffólk í beitingu t.d. slökkvitækja.

Forvarnir

- Allt starfsfólk sækir námskeið í skyndihjálp að jafnaði á tveggja ára fresti.
- Rýmingaræfingar eru haldnar reglulega.
- Örnámskeið fyrir starfsfólk í notkun slökkvitækja er haldin á vegum slökkviliðs Grundarfjarðarbæjar.
- Slökkviliðið heimsækir 3. bekk árlega í desembermánuði og kynnir brunavarnir.

Byggt á: "Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum" 2014 Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2. útgáfa október 2024.

Grunnskóli Grundarfjarðar

Leiðbeiningar við rýmingu

Virkið brunaviðvörun ef þörf krefur og hringið í 112 ef bráð hætta er til staðar. **Fylgið rýmingaráætlun skólans hér fyrir neðan.**

Viðbrögð starfsmanna þegar brunavarnakerfi fer í gang:

a) Kennarar, stuðningsfulltrúar:

- Ef um æfingu er að ræða, brýnið fyrir nemendum að við verðum öll að taka þessa æfingu alvarlega eins og um alvöru eldsvoða sé að ræða. Reynið að koma í veg fyrir að einhver verði hræddur
- þegar brunabjallan hringir skulu nemendur raða sér strax upp í stafrófsröð
- kennari athugar í bekkjarlista hvort allir mættir nemendur séu til staðar
- slökkt verður á bjöllu (á meðan athugað er hvort rýma þarf húsið)
- **ef bjallan fer aftur í gang** á kennari að fara með nemendur sína út úr stofunni og **muna að loka hurðinni á eftir sér**
- athugið að enginn ástæða er til þess að flýta sér of mikið, það gæti valdið óþarfa óróleika og hræðslu
- kennari fer fyrir hópnum og hefur nafnalista með sér
- ef útgangur er ófær verður kallkerfi í símum notað til að miðla upplýsingum um hvaða útgang á að nota, gætu verið neyðarútgangar
- annars á að fara út um þann útgang sem þau eru vön að ganga um
- ef hægt er fara nemendur í skó og taka með sér útiföt.
- skólaliðar og starfsfólk sem ekki er með nemendahópa verða til aðstoðar
- ef útgönguleiðin er ófær skal fara út um hinn aðalútganginn
- ef nemendur komast ekki út um aðalútganga skal fara út um næsta neyðarútgang
- varast ber troðning, látið þá sem á undan eru fara fyrst
- þegar út er komið skal halda hópinn og fara með nemendur í skjól (fer eftir vindátt) niður fyrir leiktækin eða upp fyrir skóla að íþróttahúsi eftir aðstæðum
- kennarar athuga hvort allir nemendur séu í hópnum þegar út er komið
- ef um æfingu er að ræða skulu kennarar snúa aftur inn með nemendurna þegar ljóst er að allir bekkir eru komnir út og skólastjóri hefur gefið tilkynningu þar af lútandi
- að lokinni æfingu verður haldinn rýnifundur um hvernig æfingin gekk, hvað

b) Skólastjórar, skólaritari:

- þegar brunavarnakerfi fer í gang fara ofangreindir aðilar strax að töflu við efri inngang og ganga úr skugga um hvort og hvar eldur sé í húsinu. Einnig á að slökkva á brunavarnakerfinu
- ef rýma þarf húsið vegna elds þá þarf að gangsetja kerfið aftur til merkis um það
- skólastjórar skipuleggja hvaða útgönguleiðir skulu notaðar eftir því hvar eldurinn er
- kallkerfi í símum verður notað til að miðla upplýsingum um hvaða útgang á að nota.
- ritari hefur strax samband við 112 og lætur vita hvort kalla eigi út slökkvilið

Eftir rýmingaræfingu

Þegar æfingu er lokið er mikilvægt að fara yfir öll atriði í ferlinu og meta hvað gekk vel og hvað þarf að laga.


- ✓ Röðuðu krakkarnir sér strax upp við fyrstu hringingu?
- ✓ Hvað tók langan tíma að koma öllum út eftir að bjallan fór í gang í annað sinn
- ✓ Virkuðu allar boðleiðir
- ✓ Komu einhver önnur vandamál upp?

Byggt á: "Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum" 2014 Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2. útgáfa október 2024.

Grunnskóli Grundarfjarðar

Rýmingarkort – fyrir Grunnskóla Grundarfjarðar

Jarðhæð, kennarstofa og verknámsálma



Byggt á: "Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum" 2014 Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2. útgáfa október 2024.

Grunnskóli Grundarfjarðar

Rýmingarkort – Efri hæð



Byggt á: "Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum" 2014 Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2. útgáfa október 2024.

Táknalisti og litamerkingar

Tákn/litur	Merking	Athugasemd
→ → → NEYÐARÚTGANGUR	Útgönguleið/rýmingarleið	Rauðar örvar sýna flóttaleiðir.
☐ GRÆNN	Samkomustaður	Tilgreinið nákvæman samkomustað (t.d. á lóð).
● (SLÖKKVITÆKI)	Handslökkvitæki	Táknið staðsetningu slökkvitækja.
■ (BRUNASLANGA	Slökkvigrind/krani	Táknið eldvarnabúnað.
⚠ BRUNABOÐI	Brunaboðshnappur	Handvirk brunaviðvörun.
✖	(hurðir á milli hólfa eiga að lokast sjálfkrafa ef brunakerfi fer í gang)	Merkja hurðir sem skulu lokaðar við rýmingu.

Leiðbeiningar við rýmingu

1) Virkið brunaviðvörun ef þörf krefur og hringið í 112 ef bráð hætta er til staðar. **Fylgið rýmingaráætlun skólans.**

2) Fylgið rýmingarleiðum, lokið hurðum á eftir ykkur, forðist reyk og haldið ró.

3) Farið beint á samkomustað og haldið hópum saman (bekkjarlega/deildum).

4) Kennari/ábyrgðaraðili telur nemendur, skráir ef einhver vantar og tilkynnir rýmingarstjóra/ritara.

5) Farið ekki aftur inn fyrr en slökkvilið eða viðbragðsaðili gefur leyfi.

Samkomustaður:	**Hellulagt svæði fyrir framan efri inngang**	Til vara eða ef veður er vont Íþróttahús eða í skjóli þar fyrir utan (fer eftir vindátt)

Byggt á: "Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum" 2014 Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2. útgáfa október 2024.

Brunavarnir

Eftirlit með brunabúnaði, æfingar og samhæfing við slökkvilið og íþróttamiðstöð. Slökkvilið Grundarfjarðar fer með eftirlit með brunabúnaði í skólanum og heldur örnámskeið fyrir starffólk í beitingu t.d. slökkvitækja.

Skipulag og hlutverk öryggisnefndar

Öryggisnefnd stýrir áhættumati, ábendingaskráningu og fylgir eftir úrbótaáætlunum. Nefndin hittist reglulega til að funda og fylgja eftir úrbótum.

Neyðarsímanúmer og tengiliðir

Aðili	Símanúmer	Hlutverk/athugasemd
Grunnskóli Grundarfjarðar – skrifstofa	430 8550	Móttaka, tenging við starfsfólk.
Skóli GSM (utan skrifstofutíma)	868 1516	Útkall eftir lokun skrifstofu.
Neyðarlínan	112	Almenn neyðarsvörun (lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar).
Eitrunarmiðstöð Landspítala	543 2222	Sólarhringsráðgjöf við eitrunum.
Landspítali (aðalnúmer)	543 1000	Almennar upplýsingar/samhæfing.
Barnavernd – Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga (dagvinnutími)	430 7800	Barnaverndarmál á svæðinu.
Barnavernd – utan dagvinnutíma	112	Vaktsími í gegnum Neyðarlínuna.
Hjálparsími Rauða krossins	1717	Sálfélagslegur stuðningur (ekki neyðarnúmer).

Endurskoðun rýmingaráætlunar næst árið 2029

Grunnskóli Grundarfjarðar

Byggt á: “Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum” 2014 Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2. útgáfa október 2024.